



Mennta- og barnamálaráðuneytið

Reykjavík, 5. desember 2025

Efni: Drög að nýjum heildarlögum um barnavernd

Mennta- og barnamálaráðuneytið kynnti þann 13. nóvember sl. drög að nýjum heildarlögum um barnavernd til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda og var veittur tveggja vikna frestur til að skila umsögn um málið.

Í ljósi þess hve umfangsmiklar og veigamiklar breytingar eru lagðar til með frumvarpinu, þ. á m. ný ákvæði um beitingu þvingunar gagnvart börnum innan barnaverndarkerfisins, óskaði umboðsmaður barna eftir viku fresti til þess að skila umsögn um málið. Ljóst er að í fáum lagabálkum reynir jafn mikið á vernd, réttindi og hagsmuni barna og í barnaverndarlögum, enda varða þau með beinum hætti grundvallarréttindi barna og veita umfangsmiklar heimildir til íhlutunar í líf þeirra. Taldi umboðsmaður því mikilvægt að fá nægilegan tíma og ráðrúm til þess að skila umsögn um málið, enda búa starfsmenn embættisins yfir sérfræðipækkingu á réttindum barna sem ætla má að ráðuneytið teldi mikilvægt innlegg í þessa vinnu. Var beiðni umboðsmanns um viku frest hafnað.

Umboðsmaður getur því ekki annað en tekið undir þær umsagnir sem borist hafa um frumvarpið í samráðsgátt, m.a. frá Landspítalanum, Þroskahjálp og Umhyggju, þar sem gerðar eru alvarlegar athugasemdir við skort á samráði og skamman samráðsfrest. Í samþykkt ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna, sbr. 10. gr. reglna um starfshætti ríkisstjórnar nr. 791/2018, kemur fram að hæfilegur frestur skuli gefinn til athugasemda, að minnsta kosti tvær til fjórar vikur. Í ljósi þess að um er að ræða mjög yfirgripsmikið frumvarp um mikilvægt málefni blasir við að tveggja vikna frestur er ekki hæfilegur í því samhengi.

Að auki má benda á að frumvarpsdrögin bera með sér að ekki hafi verið framkvæmt mat á áhrifum á börn, líkt og ráðuneytinu ber að gera samkvæmt ákvæðum Barnasáttmálans. Slíkt mat á ávallt að fara fram á fyrstu stigum umræðu eða ákvarðanatöku en ekki á síðari stigum líkt og ætla má að gert sé ráð fyrir í þessu tilviki. Nauðsynlegur þáttur í slíku mati er að afla upplýsinga um sjónarmið barna sem verða fyrir beinum áhrifum af ákvarðanatökunni og skal samráð við börn fara fram á ólíkum stigum máls. Mat á áhrifum á börn er liður í því að kanna

hvort ákvörðunin samræmist 3. gr. Barnasáttmálans, sem kveður á um að það sem börnum er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang, þegar gerðar eru ráðstafanir sem varða þau. Leiði mat á áhrifum í ljós að um neikvæð áhrif á börn er að ræða, ber stjórnvöldum skylda til þess að leita allra leiða til þess að fyrirbyggja slík áhrif, og grípa til mótvægisáðgerða í þeim tilvikum þar sem það er ekki unnt. Þannig er tryggt að ákvörðun hverju sinni samræmist 3. gr. Barnasáttmálans.

Árið 2024 gaf mennta- og barnamálaráðuneytið út leiðarvísi um framkvæmd mats á áhrifum á börn sem unnin var í samvinnu við embætti umboðsmanns barna. Þeim leiðarvísi er ætlað að liggja til grundvallar við stefnumótandi ákvarðanatöku stjórnvalda, svo sem við gerð lagafrumvarpa og reglugerða. Samkvæmt yfirlýsingu frá mennta- og barnamálaráðuneytinu er hagsmunamatið hluti af innleiðingu Barnasáttmálans hérlandis samkvæmt þingsályktun um barnvænt Ísland. Í þingsályktuninni kemur jafnframt fram að hagsmunamat út frá réttindum barna skuli vera hluti af skyldubundnu ferli við undirbúning lagafrumvarpa, stefnumótandi ákvarðana og ákvarðana um réttindi einstakra barna

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur umboðsmaður barna afar brýnt að mennta- og barnamálaráðuneytið taki alvarlega þær athugasemdir sem fram hafa komið um ófullnægjandi samráð við undirbúning frumvarpsins, og tryggi að úr þeim verði bætt áður en frumvarpið verður lagt fyrir Alþingi. Slíkt er ekki einungis forsenda vandaðrar lagasetningar heldur einnig grundvallaratriði til að tryggja að réttindi og hagsmunir barna séu virtir og ákvæði Barnasáttmálans uppfyllt.

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna